



FORSENDUR OG MARKMIÐ

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2021 til og með 2024



VIRÐING



ELDMÓÐUR



FRAMSÆKNI



1. Inngangur

Bæjarráð Reykjaneshreppur hefur samþykkt verklag við gerð fjárhagsáætlunar og er einn liður í því vinnuferli að taka saman helstu forsendur fjárhagsáætlunar í eitt skjal svo allir, bæði embættismenn og kjörnir fulltrúar, vinni út frá sömu forsendum. Í þessu skjali eru sett fram fjárhagsleg markmið en þjónustumarkmið birtast hins vegar í starfsáætlunum hvers sviðs.

Það er von okkar að þessi samantekt helstu forsenda auðveldi og bæti vinnu við gerð fjárhagsáætlunar Reykjaneshreppur.

Virðingarfyllt

Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri.

2. Markmið

Fjármálastjórn Reykjaneshreppur skal ávallt vera í samræmi við lög og reglur sem gilda um fjármál sveitarfélaga á hverjum tíma. Markmið Reykjaneshreppur við gerð fjárhagsáætlunar 2021 og þriggja ára áætlunar 2022 til og með 2024 byggja annars vegar á fjármálareglum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og hins vegar reglum Reykjaneshreppur um gerð fjárhagsáætlunar.

Reykjaneshreppur starfar eftir fjárhagsáætlun sveitarfélagsins sem var samþykkt var í desember 2019 í bæjarstjórn. Grundvallarhlutverk bæjarsjóðs, A-hluta Reykjaneshreppur, er að veita íbúum bæjarins góða og skilvirka þjónustu.

2.1 Markmið um þjónustu

Gerð er grein fyrir stefnum, markmiðum og áformum varðandi þjónustu bæjarins í starfsáætlunum fagsviða og fyrirtækja í B-hluta samstæðu bæjarins.

2.2 Markmið um jafnvægi í rekstri A-hluta og samstæðu A og B hluta Reykjaneshreppur

Skylt er að haga fjárhagsáætlun þannig að rekstrargjöld séu fjármöggnuð með tekjum af rekstri. Í 64. gr. laga nr. 138/2011 er kveðið á um að sveitarstjórn skuli sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum. Lögin gera þess vegna kröfu um að heildarútgjöld til rekstrar vegna samstæðu skuli á hverju þriggja ára tímabili ekki vera hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum (jafnvægisreglan). Í mars 2020 var sett á alþingi bráðabirgðalög sem heimila sveitarfélögum að víkja frá jafnvægisreglunni á árinum 2020 – 2022 í ljósi þess að vænta megi mikilla áhrifa af heimsfaraldrinum á afkomu sveitarfélaga á árinu 2020 og árunum þar á eftir.

Eftirfarandi þættir tryggja markmið um jafnvægi í rekstri:

- Tekjur – útsvar, fasteignagjöld, þjónustugjöld
- Íbúafjöldi
- Launakostnaður
- Annar rekstrarkostnaður

Eitt megin markmið sveitarfélagsins er að reksturinn skili afgangi til greiðslu skulda og mæta skuldbindinga sínum á hverjum tíma fyrir sig með skatttekjum og um leið bestu mögulega þjónustu við íbúa. Árin 2020 og 2021 munu setja mark sitt á þá vegferð sem Reykjaneshreppur hefur verið á en ljóst er að útkomuspá fyrir árið 2020 mun skila neikvæðri rekstrarniðurstöðu sem og fjárhagsáætlun 2021 og er það bein afleiðing heimsfaraldursins sem hefur haft og mun hafa mikil áhrif á atvinnulíf í sveitarfélaginu með tilheyrandi atvinnuleysi. Afleiðingarnar eru tekjufall í útsvarstekjum og einnig er og verður um kostnaðarauka að ræða fyrir sveitarfélagið vegna sóttvarnarlaga sem hafa í för með sér



breytt skipulag í stofnunum, lokunum á stofnunum og auknum mannafla til að mæta þeim kröfum sem löggin gera ráð fyrir.

Hluti af aðgerðum stjórnvalda til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs var að ákvæðum um jafnvægisregluna var vikið til hliðar fyrir árin 2020 – 2022 í lok mars á þessu ári í reglugerð um fjárhagslegviðmið sveitarfélaga.

2.3 Markmið um hámark skulda og skuldbindinga í A–hluta og samstæðu A og B hluta Reykjanesbæjar

Rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða A–hluta skal ráðstafað þannig að bæjarsjóður geti til framtíðar sinnt skylduverkefnum sínum á hverjum tíma. Þetta felur í sér kröfu um að heildarskuldir og skuldbindingar nemi að hámarki 150% af reglubundnum tekjum, sbr. 64. gr. laga nr. 138/2011 og reglugerðar nr. 458/2018 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga og er hér eftir vísað í það sem skuldaviðmið. Lagaákvæðið kallar á markmið um hóflega og sjálfbæra skuldsetningu.

Grunnfjárfestingar í stofnframkvæmdum eru hámarkaðar við 450 m.kr. í fjárfestingaráætlun 2021. Gert er ráð fyrir áframhaldandi byggingu Stapaskóla í áfanga II þar sem reisa á íþróttahús með sundlaug. Gert er ráð fyrir 650 m.kr. fjárfestingu vegna þessa verkefnis á árinu 2021, 850 m.kr. á árinu 2022 og 450 m.kr. á árinu 2023. Á árunum 2021 til 2023 er gert ráð fyrir 300 m.kr. framlagi Reykjanesbæjar til byggingar á nýju hjúkrunarheimili sem er inn í fjárfestingaáætlun.

2.4 Markmið tengd greiðsluhæfi A–hluta

Greiðslubyrði vegna skulda og skuldbindinga A–hlutans er vel viðráðanleg á næstu árum. Reykjanesbær lauk endurskipulagningu efnahags Reykjaneshafnar árið 2018 og tók á sig skuldir og skuldbindingar hafnarinnar með endurfjármögnun. Með auknum útsvarstekjum, sölu á eignahlut og bættum rekstri hefur bæjarsjóður ekki þurft á fjármögnun í formi lánsfjár að halda þrátt fyrir miklar fjárfestingar í nýjum grunnskóla og þau áhrif sem heimsfaraldurinn hefur haft á atvinnuástand og aukið atvinnuleysi. Greiðsluhæfi bæjarsjóðs er því ágætt á framangreindu tímabili.

2.5 Markmið varðandi fjárhagslegt gagnsæi

Ítarlegar fjárhagslegar upplýsingar um A–hluta skulu vera aðgengilegar kjörnum fulltrúum. Þar er átt við að á MittReykjanes er hægt að nálgast eftirfarandi fjárhagsupplýsingar varðandi rekstur bæjarfélagsins:

- Fjárhagsáætlun
- Mánaðarleg rekstraryfirlit
- Árshlutauppgjör
- Ársreikninga
- Viðauka við fjárhagsáætlun

3. Framsetning áætlunar og rekstur málaflokka




3.1 Framsetning áætlunar

Frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar samanstendur af rekstrar- og efnahagsreikningi fyrir A-hluta og samstæðureikning A og B-hluta. A-hluti, öðru nafni bæjarsjóður, samanstendur af aðalsjóði, eignasjóði og umhverfismiðstöð, sem sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögguð með skatttekjum. Til B-hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem eru í meirihlutaeigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B-hluta eru: Fráveita Reykjanesbæjar, Reykjaneshöfn, HS Veitur hf., Eignarhaldsfélagið Fasteign ehf. (EFF), Tjarnargata 12 ehf., Hljómahöll-veitingar ehf., Hjúkurnarheimilið Nesvellir og Íslendingur ehf.

3.2 Rekstur málaflokka

Markmiðið með verklagi við fjárhagsáætlunargerð er að bæta meðferð fjármuna bæjarins og lágmarka frávik frá fjárhagsáætlun. Fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar er rammaáætlun þar sem málaflokkum og stofnunum eru veittar heildarfjárveitingar. Gengið er út frá því að stjórnendur sviða og stofnana hafi bestu forsendur til að vinna frekar úr þeim verkefnum sem ákveðið er að vinna og leita hagkvæmstu leiða til að framkvæma. Mikilvægt er að ákvarðanataka sé eins nálægt notendum þjónustunnar og við verður komið. Þannig verður ábyrgð skýrari og ákveðið athafnafrælsi myndast í rekstri málaflokka. Rammaáætlun byggir á samþykktri fjárhagsáætlun á árunum 2021 til 2024. Fræðslu- og uppeldismál eru sem fyrr langstærsti málaflokkurinn í útgjöldum á árinu 2021 og nema 52% af heildinni, 14% fara í velferðarþjónustu, 7% í íþrótt- og tómsundamál, 5% í umhverfis-, umferðar- og skipulagsmál, 3% í menningarmál og brunamál og almannavarnir nema 2%. Sameiginlegur kostnaður nemur 7% en undir þennan málaflokk falla nefndir og ráð, rekstur ráðhúss, tölvu og upplýsingamál, þjónusta og þróun fyrir allar stofnanir, fjármálaskrifstofa, skrifstofa stjórnsýslu og Súlan verkefnastofa. Inni í þessum málaflokki eru einnig framlög til Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum. Áætluð fjárheimild umhverfismiðstöðvar nemur 1% og eignasjóðs 4%. Lífeyrisskuldbindingar nema 3%.





4. Forsendur fjárhagsáætlunar 2021 og langtímaáætlana

Forsendur fjárhagsáætlunar Reykjanesbæjar fyrir árin 2021 til og með 2024 eru eins og undanfarin ár að mestu leyti byggðar á Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem birtist í byrjun júní 2020. Auk þess tók Samband íslenskra sveitarfélaga saman minnisblað í júní 2020 sem uppfært var í ágúst um forsendur og áherslur við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélaga árið 2021.

Úr minnisblaði Sambandsins frá ágúst 2020 um efnahagsskilyrði og kjaramál:

Þjóðhagsspá Hagstofu

Í lögum um opinber fjármál er lögð áhersla á að fjárhagsáætlanir skuli byggðar á traustum forsendum um hefnahagsmál. Í reglugerð um Bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga segir með beinum hætti í 17.gr. að við vinnslu fjárhagsáætlana skuli sveitarfélög styðjast við þjóðhagsspár Hagstofu Íslands þar sem við á. Ástæða er til að leggja sérstaklega að sveitarfélögum að gera sem besta grein fyrir þeim forsendum sem unnið er eftir og á það við hvorug tveggja áætlun næsta árs og þriggja ára áætlun.

Hagstofa Íslands birti þjóðhagsspá 26. Júní sl. Og verða hér helstu niðurstöður spárinnar reifaðar. Hafstofna gerir ráð fyrir að endurskoða spánna í haust og að ný spá verði líklega birt 1. Október. Mun hag- og upplýsingasvið draga upp minnisblað um helstu breytingar þeirrar spár og miðla til sveitarfélaga ásamt öðrum upplýsingum um efnahagshorfur.

Í töflu 1 eru niðurstöður Hagstofu um þróun helstu þjóðhagsstærða árin 2020- 2025 raktar.

Tafla 1. Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands 2029-2025

Hlutfallsleg magnbreyting milli ára, þ.e. umfram verðhækkanir, nema annað sé tekið fram.

	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Einkaneysla	-6,1	5,5	3,2	2,6	2,6	2,5
Samneysla	3,1	1,3	1,8	1,8	1,7	1,8
Fjármunamyndun	-8,4	5,1	3,4	3	1,5	2,3
Atvinnuvegafjárfesting	-15,5	11	3,6	2,6	3,4	2,3
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	-9,5	-3,9	9,2	3,5	3,4	3,2
Fjárfesting hins opinbera	21,7	2	-3,5	3,7	-6,6	1,3
Þjóðarútgjöld, alls	-4,4	4,3	2,9	2,5	2,1	2,3
Útflutningur vöru og þjónustu	-30,1	19,1	8,2	6,7	5,2	3,3
Innflutningur vöru og þjónustu	-23,2	17,4	8,1	6,4	4,3	2,8
Verg landsframleiðsla (hagvöxtur)	-8,4	4,9	2,9	2,6	2,5	2,5
Vöru- og þjónunstuöfnuður, % af VLF	0,2	0,9	1	1,2	1,5	1,8
Viðskiptajöfnuður, % AF vlf	0,7	1,2	1,3	1,4	1,7	1,9
Atvinnuleysi, % af vinnuafla	8,2	6,8	6,2	5,4	5	4,6
Vísitala neysluverðs (verðbólga)	2,4	2,4	2,6	2,5	2,5	2,5
Kaupmáttur launa	3,3	3,1	2,7	1,7	1,7	1,7
Gengisvísitala	8,9	-1,2	0	0	0	0
Raugengi	-6,4	2,1	0,6	0,5	0,5	0,5
Launavísitala	5,7	5,5	5,3	4,2	4,2	4,2
Alþjóðleg verðbólga	0,5	1,4	1,9	2	2	2



Hagvöxtur. Hagstofa Íslands gerir ráð fyrir miklum samdrætti landsframleiðslu í ár, eða sem nemur 8,4%. Hagstofa reiknar með að þjóðarþúskapurinn taki við sér strax á næsta ári og hagvöxtur verði þá 4,9% og 2,5% - 3,0% árin þar á eftir.

Hagstofan spáir að samdráttur verði í fjármunamyndun, einkum atvinnuveganna og í einkaneyslu. Þjóðarútgjöld telur hagstofan muni minnka um 4,4% og þá mun einnig draga verulega úr inn- og útflutningi, útflutningi um 30,1% og innflutningi um 23,2%.

Vísitala neysluverðs byggir á könnun á útgjöldum heimila og tekur þannig til vöru og þjónustu sem heimilin kaupa, þ.m.t. húsnæði. Hækkun vísitölu neysluverðs má nota sem vísbendingu um almennar verðbreytingar, t.d. margvíslegrar rekstrarvöru. Hagstofan gerir ráð fyrir að verðbólgan haldist nálægt verðbólumarkmiði seðlabanka, verði 2,4% í ár og 2021 og um 2,5% síðustu ár spátímabilsins. Flestir spáaðilar eru á svipuðu róli í mati á verðbólguhorfum ef frá er talinn seðlabanki sem spári 1,6%-1,7% verðbólgu 2021-2022.

Hagstofa gerir ráð fyrir að heimsmarkaðsverð á olíu muni lækka um 37,3% í ár en hækki um 5,1% því næsta.

Gengi er lykilstærð í litlu opnu hagkerfi og ræður miklu um verðlagsþróun. Gengisþróunin hefur mikil áhrif á afkomu margra sveitarfélaga, einkum þar sem útflutningsstarfsemi er undirstaða atvinnulífs. Þótt skuldir A-hluta sveitarfélaga í erlendri mynt séu hverfandi, gegnir öðru máli um B-hluta fyrirtæki í ýmsum sveitarfélögum.

Að venju gefa spáaðilar sér þá forsendu að nafngengi krónunnar breytist ekki út spátímabilið sem hefur í för með sér raungengið hækkar.

Húsnæðisverð. Undanfarin ár hefur húsnæðisverð verið afgerandi þáttur í hækkun neysluverðvísitölu. Hvorki hagstofa né seðlabanki birta spár um íbúðaverð. Viðskiptabankarnir þrír birta spár um raunbreytingu íbúðaverðs (þ.e. umfram hækkun neysluverðvísitölu), sjá töflu 2. Taflan sýnir að bankarnir reikna með að úr verðhækkunum muni draga á næstu árum og bæði Arion banki og Íslandsbanki gera ráð fyrir að raunverð húsnæðis lækki umtalsvert í ár og á næsta ári. Landsbankinn ætlar á hinn bóginn að raunverð hækki 2020 og 2021. Gangi spar fyrrnefndu bankanna eftir má búast við að hækkun fasteignamats verði lítil á næstu árum.

Tafla 2. Raunbreyting húsnæðisverðs, % frá fyrra ári

	2020	2021	2022
Arion banki	-2,2	-3,1	2,0
Íslandsbanki	-3,2	-2,4	0,0
Landsbanki	2,0	3,0	3,0

Heimild: Viðkomandi bankar

Ferðapjónustan varð fyrir gríðarlegu áfalli í kjölfar heimsfaraldurs Covid-19 sem kom á hælana á falli WoW air í fyrra. Í spá hagstofu er áætlað að ferðamönnum fækki um rúmlega 75% í ár. Á því næsta er hins vegar áætlað að fjöldi ferðamanna verði nærri milljón sem er um helmingur af þeim fjölda sem kom hingað með flugi í fyrra.

Atvinna er undirstaða þjóðarþúskaparins. Aukið atvinnuleysi er óhjákvæmilegur fylgifiskur samdráttar landsframleiðslu. Hagstofan spáir að atvinnuleysi verði 8,2% í ár, samanborið við 3,6% á fyrra. Þá spáir hagstofa að atvinnuleysi næsta árs verði 6,8% og 6,2% á þar næsta. Það er mikil óvissa um þessar tölur sem eru mun lægri en óttast var fyrr á þessu ári. Í sviðsmyndagreiningu sambandsins sem kynnt var í stjórn sambandsins í lok apríl voru þannig settar fram sviðsmyndir um allt að 15%



atvinnuleysi og svipaðar sviðsmyndir voru dregnar upp af Reykjavíkurborg og Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Sambandið vaktar vinnumarkaðinn sérstaklega nú um stundir og miðlar greiningum Vinnumálastofnunar til sveitarfélaga.

Launavísitala. Útsvarstekjur ráðast fyrst og fremst af þróun launatekna, en jafnframt vegur launakostnaður þungt í útgjöldum sveitarfélaga. Launaþróun er því afgerandi áhrifavaldur um fjármál sveitarfélaga. Hagstofan gerir ráð fyrir að launavísitalan í heild hækki um 5,7% 2020, 5,5% 2021 og um 5,3% árið 2022.

Aðrar spár. Sveitarfélögum ber að styðjast við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands þar sem við á. Hér að ofan hafa helstu niðurstöður sumarspár stofnunarinnar verið raktar en einnig bent á nýrri spár annarra aðila. Þær spár eru um margt svartsýnni á þróun næstu missera en hagstofuspáin. Samkvæmt birtingaráætlun mun Hagstofan endurskoða spá sína og birta ekki fyrr en 1. nóvember nk. eða sama dag og leggja skal fjárhagsáætlun fyrir sveitarstjórn í síðasta lagi. Það er því nauðsynlegt fyrir sveitarfélögin að hafa hliðsjón af öðrum spám og fylgjast grannt með framvindu og horfum í efnahagsmálum. Í töflu 3 eru teknar saman spár banka og hagstofu um þróun lykilþátta.

Tafla 3. Spár hagstofu og banka

Hagvöxtur %				Verðbólga %			
	2020	2021	2022		2020	2021	2022
Hagstofa	-8,4	4,9	2,9	Hagstofa	2,4	2,4	2,6
Íslandsbanki	-9,2	4,7	4,5	Íslandsbanki	2,2	2,1	2,3
Landsbanki	-8,7	4,9	2,7	Landsbanki	2,7	2,8	2,5
Arion banki	-8,2	4,4	3,7	Arion banki	2,5	2,5	2,3
Seðlabanki	-8,0	4,8	2,8	Seðlabanki	2,3	1,7	1,6
Fjármálaráðuneyti	-8,5	5,0		Fjármálaráðuneyti			
Meðaltal	-8,5	4,7	3,4	Meðaltal	2,4	2,3	2,2
Laun % br. f.f. ári				Atvinnuleysi, % af vinnuafli			
	2020	2021	2022		2020	2021	2022
Hagstofa	5,7	5,5	5,3	Hagstofa	8,2	6,8	6,2
Íslandsbanki	6,0	4,2	4,5	Íslandsbanki	8,9	7,6	6
Landsbanki	4,4	3,5	4,0	Landsbanki	9,6	5,8	3,8
Arion banki	5,0	5,0	3,5	Arion banki	9,1	7,0	6
Seðlabanki				Seðlabanki	8,7	7,2	6,3
Fjármálaráðuneyti				Fjármálaráðuneyti	9,5	7,5	
Meðaltal	4,7	4,3	3,8	Meðaltal	9,1	6,7	5,4

Heimild: Viðkomandi bankar og stofnanir.

Forsendur um tekjur

Útsvar. Á grundvelli spár Hagstofu Íslands um hækkun launavísitölu og áætlunar um mannár (fjöldi fólks í fullu starfi) áætlað fjármálaráðuneytið við undirbúning fjárlaga hver hækkun tekjuskatts/útsvarstofni kunnir að verða á þessu og næstu árum. Niðurstöður eru sýndar í töflu 4.



Tafla 3. Spá um hækkun tekjuskatts-/útsvarstofns, breyting frá fyrra ári, %

	2020	2021	2022	2023	2024
Tekjuskatts- og útsvarstofn	0,9	4,1	7,2	6,5	5,0

Heimild: Fjármálaráðuneyti, Hagstofa.

Heimild til ráðstöfunar úttekta iðgjalda, sem greidd eru í séreignalífeyrissjóð, til að kaupa íbúð eða greiða niður lán, átti að falla niður um mitt ár 2019. Framlenging þessarar heimildar til 30. júní 2021 var hluti af stuðningi ríkisstjórnarinnar við lífskjarasamningana. Hag- og upplýsingasvið hefur áætlað að frádráttarheimildin kosti sveitarfélögin um 2 milljarða króna á ári.

Hag- og upplýsingasvið mun að venju taka saman staðgreiðsluáætlun fyrir hvert og eitt sveitarfélag fyrir komandi ár með áætlun um eftirá álagningu vegna ársins í ár. Gert er ráð fyrir að þessar upplýsingar verði birtar í október.

Fasteignaskattar. Þjóðskrá Íslands birti nútt fasteignamat í byrjun júní sl. Það gildir í 12 mánuði frá og með 31. desember 2020. Lögum samkvæmt skal fasteignamat endurspegla gangverð fasteigna í febrúar á gildistökuári, nú febrúar 2020. Í viðauka era ð finna töflu sem sýnir fasteignamat eftir sveitarfélögum og flokkum eigna.

Fasteignamat fasteigna á landinu öllu hækkaði um 1,85% milli ára sem er umtalsvert minni hækkun en undanfarin ár. Mat íbúðarhúsnæðis hækkaði um 2,2% og var hækkun meiri innan höfuðborgarsvæðisins (um 2,4%) en utan þess 2,1%). Fasteignamat atvinnuhúsnæðis hækkaði um 1,64%, samanborið við 6,9% árið áður.

Sveitarstjórnarráðuneytið fór þess á leit við Samband íslenskra sveitarfélaga að það beitti sér fyrir því að einstök sveitarfélög lækki álagningahlutfall fasteignaskatts um sem nemur a.m.k. hlutfallshækkun matsins. Beiðni ráðuneytisins frá 27. maí sl. vikur einkum að fasteignaskatti á húsnæði í C-flokki. Í bókun stjórnar sambandsins við erindi ráðuneytisins er ekki tekin afstaða til erindisins en samþykkt að áframsenda það til sveitarfélaga. Þá er bent á að mjög er mismunandi milli sveitarfélaga hver breyting fasteignamats er.

Framlög jöfnunarsjóðs. Tekjur jöfnunarsjóðs ráðast af skatttekjum ríkisins og útsvarstofni sveitarfélaga. Samdráttur í efnahagslífinu veldur því að þessir tekjustofnar hafa dregist umtalsvert saman á þessu ári. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun sjóðsins er nú reiknað með að tekjur sjóðsins lækki um tæplega 3,8 ma.kr. Í bandormi um breytingar á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum afleiðingum covid-19 (lög nr. 37/19 maí 2020) var tekjufallið mildað með því að færa 1,5 ma.kr. úr fasteignasjóði jöfnunarsjóðs.

<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/06/24/Nyjar-og-endurskodadar-aaetlanir-um-framlog-ur-Jofnunarjodi-sveitarfelaga/>

Gangi spár um hagvöxt á næsta ári eftir má reikna með að tekjur jöfnunarsjóðs muni aukast umtalsvert. Hafa þarf í huga að sjóðurinn þarf að endurgreiða fyrrgreint framlag úr fasteignasjóði að fullu árin 2021-2028, sjóðurinn hefur heimild til að halda eftir 1 m.a.kr. árlega næstu 15 árin til að jafna útgjöld vegna sameiningarframlag og loks er útlit fyrir að sjóðurinn þurfi að greiða dómkröfu í hæstaréttarmáli nr. 34/2018.



Aðrir tekjustofnar. Sveitarfélögin hafa tekjur af margvíslegum þjónustugjöldum. Í viðspyrnuáætlun sambandsins sem birt var í lok mars <https://www.samband.is/frettir/vidspyrna-fyrir-islenskt-atvinnulif/> beindi sambandið því til sveitarfélaga að halda aftur af gjaldskrárhækkunum eins og unnt er.

Óvissa

Spámenn eru einu máli um að sjaldan eða aldrei hafi hafn mikil óvissa verið um framvindu efnahagsmála. Lítið opið hagkerfi eins og það íslenska býr og muna búa við meiri sveiflur en hagkerfi stærri ríkja. Ein leið til að takast á við óvissuna era ð teikna upp sviðsmyndir og vera þannig tilbúin fyrir annars konar þróun en spar gera ráð fyrir.

Meðal helstu óvissuþátta um framvindu efnahagsmála á næstu árum má nefna:

- *Kjarasamningar.* Lífskjarasamningarnir svonefndu hafa markað kjarasamninga undanfarið ár. Samningarnir eru til 1. Nóvember 2022, en forsendur samninganna verða metnar nú í September. Reynir þá á hvort þeim verði sagt upp.
- *Ferðaþjónusta.* Spár um hagvöxt á næsta ári eru nær alfarið reistar á forsendum um að hingað komi um eða yfir ein milljón ferðamenn. Ekki er hér á vísan að róa.
- *Gengi krónunnar og verðbólga.* Í spá hagstofunnar er gengið út frá þeirri forsendu að gengi krónunnar verði óbreytt út spátímabilið. Ef gengið lækkar má ætla að verðbólga verði meiri en ella og samdráttur í landsframleiðslu minni með jákvæðum áhrifum á atvinnustig. Hækkun gengisins hefði áhrif í gagnstæða átt.
- *Ríkisfjármál.* Frestun fjármálaáætlunar fram í byrjun október eykur sannarlega óvissu um hvert ríkisstjórnin stefnir með ríkisfjármálin, þ.m.t. skattamál og margvísleg málefni sem varðar sveitarfélögin miklu.
- *Alþjóðleg efnahagsþróun.* Óvissa er mikil m.a. um þróun alþjóðaviðskipta og um lyktir samninga Breta og ESB um Brexit. Verð útfluningsvara, ekki síst áls og kíksiljárns, er óviss.
- *Olíuverð.* Spár gera ráð fyrir verðhækkun næstu 2 árin. Óvissan er töluverð og tengist ekki síst spennu í alþjóðastjórnámálum.
- *Sjávarútvegur.* Sem endranær ríkir töluverð óvissa um aflabrogð, einkum er varðar uppsjárvarfiska s.s. loðnu.



Kjaramál

Kjarasamningar við fjölmenn stéttarfélag á almennum markaði voru gerðir í byrjun apríl 2019, svonefndir lífskjarasamningar. Gilda samningarnir til 1. nóvember 2022. Forsendur samninganna um kaupmátt og um efndir fyrirheita ríkisstjórnarinnar verða metnar í September nk. Fari svo að forsendur standist ekki skulu samningsaðilar leita leiða til að markmið samningsins nái fram að ganga. Náist ekki samkomulag eru samningarnir uppsegjanlegir og falla úr gildi 1. október n.k.

Samninganefnd sambandsins hefur lokið samningum við um 2/3 starfsmanna sveitarfélaga og eru þeir samningar ýmist til loka mars eða ágúst 2023. Í þessum samningum er vísað til lífskjarasamninga á almennum markaði varðandi forsendur og uppsögn samninga. Eftir er að semja við 14 félag m.a. við kennarasamtökin.

Breytingar hafa verið gerðar á vinnutímaákvæðum kjarasamninga og við blasir að stytting vinnutíma verður sveitarfélögum kostnaðarsöm, á það einkum við vaktavinnufólk. Mikilvægt er að taka tillit til þessa kostnaðarauka.

Sveitafélagið tók tillit til ofangreindra atriða við gerð fjárhagsáætlunar 2021 til og með 2024.

4.1 Þróun skatttekna A–hluta


Skatttekjur jukust á árunum 2016 til 2019 samhliða íbúafjölgun og auknu atvinnuframboði á svæðinu en á árinu 2020 lítur út fyrir að útsvarstekjur verði lægri en á árinu 2019. Útsvarsprósenta var lækkuð á árinu 2018 úr 15,05% í 14,52%. Í meðfylgjandi frumvarpi að fjárhagsáætlun 2021 er gert ráð fyrir að útsvarsprósenta haldist óbreytt frá fyrra ári. Gert er ráð fyrir að álagningarhlutfall fasteignaskatts á húsnæði í A–flokki haldist óbreytt eða 0,32% og í C–flokki lækki hlutfallið úr 1,60% í 1,52%. Fasteignamat húsnæðis í Reykjanesbæ mun lækka um 1,6% milli árana 2020 og 2021.

	Rauntölur árið 2016	Rauntölur árið 2017	Rauntölur árið 2018	Rauntölur árið 2019	Spá 2020	Rammi 2021
Útsvar	7.315.775.545 17%	8.975.877.256 23%	9.856.346.511 10%	10.328.547.212 5%	9.600.000.000 -7%	9.600.000.000 0%
Fasteignaskattur	1.288.442.166 10%	1.411.519.456 10%	1.559.015.001 10%	1.547.700.413 -1%	1.823.000.000 18%	1.812.000.000 -1%
Jöfnunarsjóður	2.316.798.248 18%	2.440.628.630 5%	2.579.441.136 6%	2.626.015.125 2%	2.200.000.000 -16%	2.200.000.000 0%
Lóðarleiga	191.902.157 16%	213.477.925 11%	241.970.816 13%	293.807.813 21%	280.000.000 -5%	300.000.000 7%
Samtals skatttekjur Breyting milli ára	11.112.918.116 16%	13.041.503.267 17%	14.236.773.464 9%	14.796.070.563 4%	13.903.000.000 -6%	13.912.000.000 0%
Íbúðafjöldi	16.359	17.795	18.930	19.421	19.600	19.992
Skatttekjur / íbúa	679.315	732.875	752.075	761.859	709.337	695.878
Útsvar / íbúa	447.202	504.404	520.673	531.824	489.796	480.192



4.2 Íbúafjölgun

Íbúum Reykjaneshæðar hefur fjölgað mikið á undanförunum árum en gert er ráð fyrir mun hægari vexti á næstu árum. Í frumvarpi að fjárhagsáætlun 2021 er gert ráð fyrir að íbúar verði um 19.600 í lok árs 2020 og að íbúafjölgun verði 2,0% árin 2021 – 2024. Í lok nóvember 2020 eru íbúar bæjarins 19.609.



4.3 Þróun launakostnaðar A-hluta

Í forsendum að fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir 1% launaskriði vegna m.a. starfsaldurs. Settar voru inn kjarasamningshækkunar skv. gildandi kjarasamningum. Einnig var tekið tillit til fjölgunar stöðugilda sem einkum skýrist af aukinni þörf á þjónustu í skólakerfinu vegna nýs grunnskóla og þörf á auknum stöðugildum í leikskólum vegna aukins undirbúningstíma samkvæmt nýjum kjarasamningum.

Launakostnaður hækkar um tæp 8% frá árinu 2019 til áætlunar að útkoma verði á árinu 2020. Hækkun á launakostnaði milli áætlunar 2020 og ramma 2021 eru rúm 12% sem skiptist í kjarasamningshækkunar og fjölgunar stöðugilda í Stapaskóla sem komu inn í haust 2020 gert er ráð fyrir launakostnaði í ramma 2021 aukist um 245 m.kr. vegna þessa og að kjarasamningshækkunar vegna grunnskólakennara nemi um 300 m.kr. hækkun á launakostnaði á árinu 2021. Kjarasamningar leikskólakennara fela í sér aukinn undirbúningstíma fyrir kennara og hefur verið áætlað fyrir því að auka þurfi um ½ til 1 stöðugildi í hverjum leikskóla vegna þessa. Það mun auka launakostnað á árinu 2021 um 40 m.kr. á þeim leikskólum sem Reykjaneshæð rekur. Gert er því ráð fyrir að áhrif kjarasamningshækkana samtals nemi um 7% – 8% á launakostnað á árinu 2021.



	2014	2015	2016	2017	2018	2019	Áætlun 2020	Rammi 2021
Laun og launat.gj.	4.624	5.069	5.353	6.426	6.622	7.444	8.030	9.047
Lífeyrisskuldbinding	489	507	1.021	879	570	282	607	428
Samtals	5.113	5.576	6.374	7.305	7.192	7.726	8.637	9.475
Fjöldi stöðugilda	708	712	718	748	791	872	904	910
Starfsmannafjöldi	809	720	728	877	927	1.158	1.193	1.200

Við gerð frumvarps að fjárhagsáætlun Reykjaneshækkunar 2021 voru launahækkunar áætlaðir í samræmi við gildandi kjarasamninga.

Samkvæmt mælaborði bæjarráðs fyrstu 9 mánuði ársins er launakostnaður eftirfarandi:

Laun tímabils eftir málaflokkum					
Málaflokkur	Nafn mfl	Mánuður raun	Áætlun mánaðar	Mismunur	Mismunur %
02	Velferðarþjónusta	1,073,418,612	1,044,645,730	28,772,882	2.75%
04	Fræðslu- og uppeldismál	4,477,154,206	4,240,072,957	237,081,249	5.59%
05	Menningarmál	194,449,178	209,298,670	-14,849,492	-7.09%
06	Íþróttu- og tómstundamál	334,341,119	321,293,550	13,047,569	4.06%
09	Skipulags- og byggingamál	90,134,065	85,511,000	4,623,065	5.41%
13	Atvinnumál	218,171,678	164,288,000	53,883,678	32.80%
21	Sameiginlegur kostnaður	428,812,633	427,920,994	891,639	0.21%
31	Eignasjóður	33,382,585	26,653,000	6,729,585	25.25%
33	Umhverfismiðstöð	272,312,506	305,261,284	-32,948,778	-10.79%
Total		7,122,176,582	6,824,945,185	297,231,397	4.36%

4.4 Þróun annars rekstrarkostnaðar A-hluta

	2014	2015	2016	2017	2018	2019	Áætlun 2020	Rammi 2021
Vöru- og þjónustukaup	3.058	2.894	3.066	3.263	3.692	4.179	4.625	5.715
Styrkir	1.586	1.501	1.448	1.145	1.254	1.354	1.513	2.033
Samtals	4.644	4.395	4.514	4.408	4.946	5.533	6.138	7.748
Hækkun milli ára	4%	-5%	3%	-2%	12%	12%	11%	26%



Annar rekstrarkostnaður samkvæmt mælaborði bæjarsjóðs fyrstu 9 mánuði ársins án millifærsla er eftirfarandi:

Vöru- og þjónustukaup tímabils eftir málaflokkum					
Málaflokkur	Nafn mfl	Mánuður raun	Áætlun mánaðar	Mismunur	Mismunur %
02	Velferðarþjónusta	714,597,685	623,762,706	90,834,979	14.56%
04	Fræðslu- og uppeldismál	1,733,677,214	1,802,969,130	-69,291,916	-3.84%
05	Menningarmál	194,285,098	235,982,000	-41,696,902	-17.67%
06	Íþróttá- og tómstundamál	459,027,118	477,231,994	-18,204,876	-3.81%
07	Brunamál og almannavarnir	1,133,920	1,432,000	-298,080	-20.82%
08	Hreinlætismál	82,668	2,250,000	-2,167,332	-96.33%
09	Skipulags- og byggingamál	45,303,560	58,816,000	-13,512,440	-22.97%
10	Umferðar- og samgöngumál	385,260,385	367,635,000	17,625,385	4.79%
11	Umhverfismál	80,292,148	110,640,000	-30,347,852	-27.43%
13	Atvinnumál	9,261,010	4,891,000	4,370,010	89.35%
21	Sameiginlegur kostnaður	244,729,890	307,789,000	-63,059,110	-20.49%
31	Eignasjóður	696,953,888	689,078,000	7,875,888	1.14%
33	Umhverfismiðstöð	31,518,539	38,011,000	-6,492,461	-17.08%
Total		4,596,123,123	4,720,487,830	-124,364,707	-2.63%







Styrkir og framlög samkvæmt mælaborði bæjarráðs fyrstu 9 mánuði ársins án millifærsla eru eftirfarandi:

Styrkir tímabils eftir málaflokkum				
Málaflokkur	Nafn mfl	Mánuður raun	Áætlun mánaðar	Afgangur (+) / framúrkeyrsla (-)
02	Velferðarþjónusta	343,009,569	249,148,503	
04	Fræðslu- og uppeldismál	169,308,317	227,084,598	
05	Menningarmál	12,835,835	17,162,000	
06	Íþróttá- og tómstundamál	292,255,865	289,102,997	
07	Brunamál og almannavarnir	230,808,071	209,053,000	
08	Hreinlætismál	256,202,826	250,785,000	
09	Skipulags- og byggingamál	3,937,500	3,933,000	
10	Umferðar- og samgöngumál	22,653,127	14,593,000	
11	Umhverfismál	28,912,845	22,942,000	
13	Atvinnumál	8,922,047	12,960,000	
21	Sameiginlegur kostnaður	47,228,092	45,161,000	
31	Eignasjóður	4,102,796	2,899,000	
33	Umhverfismiðstöð	3,589,736	3,031,000	
Total		1,423,766,626	1,347,855,098	



4.5 Fjárfestingaráætlun – stofnframkvæmdir

Áætlað er um 450 m.kr. fari í stofnframkvæmdir á árinu 2021 en nam 700 m.kr. á árinu 2020. Sviðsstjórar hafa komið sér saman um áherslur næsta árs og kynnt í ráðum. Huga þarf að almennum rekstri og viðhaldi á eignum bæjarins í framtíðinni. Lágmarks viðhald til lengri tíma getur haft áhrif á verðgildi eigna og þar með eignastöðu Reykjanesbæjar.

Málaflokkur	Óskir	Stofnk.	Rekstur	Hönnun	áætlaður kostn.	
Stefnuskrá	FASTEIGNIR					
	Flutningur á bráðbirgðarstofum	X				
	Ásbrú - Skólalóð /Leiksvæði	X		X		
	Nýtt Hjúkrunarheimili	X			100.000.000	
	Hlutur RNB í Fjölbautarskólanum	X			20.000.000	
					120.000.000	
	GATNAKERFI					
	Ásahverfi - stéttar og stígar	X				
	Dalshverfi - Stéttar og stígar	X				
	Dalshverfi III	X				
	Ofanbyggðarvegur - Njarðarbraut	X				
	Ýmislegt					
	Gervigrasvöllur - klára	X			100.000.000	
	Umhverfisverkefni td.	X			150.000.000	
	Strandleið	X				
	Heilsustígurinn - áframhald					
	Suðurnesjastígur					
	Stapastígur					
	ÖNNUR VERKEFNI				250.000.000	
	ÖNNUR VERKEFNI - fráveita					
	Garðarvegur	X			20.000.000	
	Sólvallargata	X				
	Hlíðarvegur	X				
	Hraunsvegur	X				
					20.000.000	
	Undirbúningur verkefna					
	Hönnunarverkefni -m.a.	X			10.000.000	
	Heiðaskóli Fristund	X				
	Starfsmannaaðstaða Njarðvíkurskóla	X				
	Lóð Hæfingarstöð	X				
	Svið í skrudgarðinn	X				
	Keflavíkurtún	X				
	Nýr segull Höfnum, Landnám	X				
	Grænt = verk í gangi					10.000.000
				SAMTALS:		400.000.000
			ÓFYRIRSEÐ		- 50.000.000	



4.6 Reykjaneshöfn

Samdráttur er í tekjum Reykjaneshafnar á milli árunum 2019 og 2020 sem skýrast einkum af minni tekjum vegna vörugjalda vegna eldsneytis á flugvélum.

4.7 HS Veitur hf.

Eignarhlutur Reykjaneshafnar í HS Veitum hf. er 50,1% og er því tekið hér með sem B-hluti. Áætlað er að fjárfestingar félagsins verði verulegar á næstu árum en félagið ræður vel við greiðslubyrði lána af rekstri. Einnig er vakin athygli á því að í umfjöllun hér að framan um skuldaviðmið, eru rekstur og staða HS Veitna hf. einnig tekin með. Eins og fyrr hefur verið nefnt er samkvæmt ákvæði reglugerðar nr. 458/2018 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga sveitarfélaginu heimilt að undanskilja HS Veitur hf. við útreikning á skuldaviðmiði. Það er ekki gert í þeim yfirlitum sem lögð eru hér fram né við gerð árssreiknings sveitarfélagsins en ljóst að sú aðgerð hefur áhrif til lækkunar skuldaviðmiðs.

4.8 Fráveita Reykjaneshafnar

Í framkvæmdáætlun Fráveitu Reykjaneshafnar árið 2021 er gert ráð nauðsynlegum framkvæmdum að fjárhæð um 150 m.kr. Á árunum 2021 og 2022 er gert ráð fyrir aukningu í fjárfestingum Fráveitunnar einkum vegna nýrrar skolphreinsistöðvar í Keflavík. Á þessum árum er gert ráð fyrir að fjárfest verði fyrir 1.100 m.kr.

Gerðar hafa verið ástandskannanir á lögnum bæjarins og ljóst er að margar hverjar þurfa talsvert viðhald og endurnýjun. Ásbrú er komin inn sem hluti af fráveitukerfi bæjarins og er það töluverð aukning á lögnum. Lagt hefur verið í sjóð til að mæta brýnni þörf fyrir fjárfestingar á næstu árum.

4.9 Aðrar B-hluta stofnanir

Aðrar B-hluta stofnanir eru Eignarhaldsfélagið Fasteign ehf., Íslendingur ehf., Hjúkrunarheimilið Nesvellir, Framkvæmdasjóður aldraðra, Hljómahöll veitingar ehf. og Tjarnargata 12 ehf.

Íslendingur ehf. er samstæða Íslendings ehf. og Útlendings ehf. en í júní 2015 var gengið frá leigusamningi vegna starfsemi í fasteign í eigu Útlendings ehf. að Víkingabraut 1 með kauprettarákvæði eftir 5 ár. Gert er ráð fyrir sölu á einkahlutafélaginu Útlendingi ehf. á árinu 2020.

Rekstur þessara B-hluta eru í jafnvægi og hafa óveruleg áhrif á fjárhagsáætlunina.

5. Ytri fjárhagslegar áhættur A-hluta

Dæmi um ytri fjárhagslegar áhættur:

- Verðbólguáhætta – t.d. verðbólga og vextir
- Vinnumarkaðsáhætta – t.d. verkföll og atvinnuleysi
- Skuldabréfaáhætta – t.d. mótaðilaáhætta
- Lausafjáraáhætta – t.d. er til fjármagn til greiðslu reikninga og afborgana lána
- Áhættur vegna fjárhagslegra samskipta við ríkið – t.d. málefni fatlaðra, hækkun / lækkun tryggingagjalds
- Aðrir óvissuþættir – t.d. útsvarstekjur, fasteignagjöld, fjárhagsaðstoð ofl



6. Forsenduyfirlit langtímaspár:

Forsenduyfirlit langtímaspár - rekstrartekjur					
	Útkomuspá 2020	Fjárhagsáætlun 2021	Þriggja ára áætlun		
			2022	2023	2024
Skatttekjur					
Íbúafjöldun	Áætluður íbúafjöldi	2,0%	2,0%	2,0%	2,0%
	19.600	19.992	20.392	20.800	21.216
Atvinnuleysi	20%	15%	10%	10%	10%
Aldursamsetning íbúa	Óbreytt	Óbreytt	Óbreytt	Óbreytt	Óbreytt
Útsvarshlutfall	>14,52%	Óbreytt hlutfall	Óbreytt hlutfall	Óbreytt hlutfall	Óbreytt hlutfall
Fasteignaskattur	A flokkur 0,32% B flokkur 1,32% C flokkur 1,60%	A flokkur 0,32% B flokkur 1,32% C flokkur 1,52%	Óbreytt hlutföll	Óbreytt hlutföll	Óbreytt hlutföll
Gatnagerðargjöld	500 m.kr. nettast á móti fjárfestingum í götum	500 m.kr. nettast á móti fjárfestingum í götum	1.000 m.kr. nettast á móti fjárfestingum í götum	1.000 m.kr. nettast á móti fjárfestingum í götum	500 m.kr. nettast á móti fjárfestingum í götum
Verðlag - launavísitala skv. þjóðhagsspá		5,5%	5,3%	4,2%	4,2%
Verðlag - neysluvísitala skv. þjóðhagsspá		2,4%	2,6%	2,5%	2,5%
Framlög jöfnunarsjóðs					
Framlög	Samkvæmt áætlun jöfnunarsjóðs	Óbreytt frá fyrra ári auk hækkun vísitölu	Óbreytt frá fyrra ári auk hækkun vísitölu	Óbreytt frá fyrra ári auk hækkun vísitölu	Óbreytt frá fyrra ári auk hækkun vísitölu
Verðlag - neysluvísitala skv. þjóðhagsspá		2,4%	2,6%	2,5%	2,5%
Aðrar tekjur og óreglulegir liðir:					
Gjaldskrár	Skv. gildandi skrá	Hámark 2.5% hækkun	Óbreyttar	Óbreyttar	Óbreyttar
Verðlag - neysluvísitala skv. sáttmála		2,5%	2,5%	2,5%	2,5%



Forsenduyfirlit langtímasjár - rekstrargjöld

	2020	2021	2022	2023	2024
Laun og launatengd gjöld					
Kjarasamningar	Í samræmi við gildandi samninga	Í samræmi við gildandi samninga haust 2020	Í samræmi við gildandi samninga haust 2020	Í samræmi við gildandi samninga haust 2020	Í samræmi við gildandi samninga haust 2020
Stöðugildi	Viðbót vegna Stapaskóli	Viðbót vegna íbúafölgunar	Óbreytt frá fyrra ári	Óbreytt frá fyrra ári	Óbreytt frá fyrra ári
Verðlag - launavísitala skv. þjóðhagsspá		5,5%	5,3%	4,2%	4,2%
Annar rekstrarkostnaður					
Hagræðing	Almennar aðgerðir	Almennar aðgerðir	Almennar aðgerðir	Almennar aðgerðir	Almennar aðgerðir
Verðlag - neysluvísitala skv. þjóðhagsspá		2,4%	2,6%	2,5%	2,5%
Fjármagnsliðir					
Vextir	Samkvæmt gildandi lánasamningum	Samkvæmt gildandi lánasamningum	Samkvæmt gildandi lánasamningum	Samkvæmt gildandi lánasamningum	Samkvæmt gildandi lánasamningum
Verðlag - neysluvísitala skv. þjóðhagsspá		2,4%	2,6%	2,5%	2,5%



Forsenduyfirlit - efnahagur

	2020	2021	2022	2023	2024
Eignabreytingar					
Sala og tilfærslur fastafjármuna	Sala Útlendingur ehf. 2.333 m.kr.				
		Kaup á eignum EFF með endurfjármögnun 8.300 m.kr.			
Fjárfesting í hlutabréfum		Fjárfesting í hlutabréfum í Keili, mistöð visinda ehf. 125 m.kr.			
Fjárfestingar					
Gatnagerð	500 m.kr.	1.000 m.kr.	1.000 m.kr.	500 m.kr.	500 m.kr.
Eignasjóður	Grunnfjárf. 700 m.kr. Grunnskóli 1. áfangi 2.000 m.kr.	Grunnfjárf. 450 m.kr. Grunnskóli 2. áfangi 650 m.kr.	Grunnfjárf. 700 m.kr. Grunnskóli 2. áfangi 850 m.kr.	Grunnfjárf. 700 m.kr. Grunnskóli 2. áfangi 450 m.kr.	Grunnfjárf. 700 m.kr. Grunnskóli 3. áfangi 650 m.kr.
Reykjaneshöfn	48 m.kr.	189 m.kr.	177 m.kr.	30 m.kr.	25 m.kr.
HS Veitur hf.	Í samræmi við áætlun framkvæmdastjóra	Í samræmi við áætlun framkvæmdastjóra	Í samræmi við áætlun framkvæmdastjóra	Í samræmi við áætlun framkvæmdastjóra	Í samræmi við áætlun framkvæmdastjóra
Fráveita	Grunnfjárfesting 150 m.kr.	Grunnfjárfesting 150 m.kr. Dælustöð 550 m.kr.	Grunnfjárfesting 150 m.kr. Dælustöð 550 m.kr.	Grunnfjárfesting 150 m.kr.	Grunnfjárfesting 150 m.kr.
Hjúkrunarheimili		Framlag til fjárfestingar 100 m.kr.	Framlag til fjárfestingar 100 m.kr.	Framlag til fjárfestingar 100 m.kr.	
Afborganir langtímaskulda og skuldbindinga					
Samkomulag vegna EFF:	Leigugreiðslur í samræmi við samninga	Leigugreiðslur í samræmi við samninga			
Nýjar lántökur		Endurfjármögnun EFF 8.300 m.kr.			
Afborganir annarra langtímaskulda	Í samræmi við gildandi lánasamninga haust 2020	Í samræmi við gildandi lánasamninga haust 2020	Í samræmi við gildandi lánasamninga haust 2020	Í samræmi við gildandi lánasamninga haust 2020	Í samræmi við gildandi lánasamninga haust 2020
Leigusamningar aðrir en EFF	Í samræmi við gildandi leigusamninga	Í samræmi við gildandi leigusamninga	Í samræmi við gildandi leigusamninga	Í samræmi við gildandi leigusamninga	Í samræmi við gildandi leigusamninga
Lífeyrisskuldbindingar	Í samræmi við útreikning trygginga- stærðfræings í árslok 2019	Í samræmi við útreikning trygginga- stærðfræings í árslok 2019	Í samræmi við útreikning trygginga- stærðfræings í árslok 2019	Í samræmi við útreikning trygginga- stærðfræings í árslok 2019	Í samræmi við útreikning trygginga- stærðfræings í árslok 2019
Annað					
EFF	Í samræmi við gildandi lánasamninga	Í samræmi við gildandi lánasamninga			
HS Veitur (arður / lækkun hlutfjár)	500 m.kr. lækkun hlutfjár og RNB fær 50,1% af því	500 m.kr. lækkun hlutfjár og RNB fær 50,1% af því			